

Fundur keppnisráðs í torfæru Haldinn á Messenger miðvikudaginn 13.11.2024 kl 19:00

Fundarritari Axel Sigurðsson

Mættir: Axel Sigurðsson, Guðbjörn Grímsson, Sigurður Ingi Sigurðsson, Guðni Jónsson og Valdimar Geir Valdimarsson.

- Umræða um nýjar reglur fyrir torfæruna. AS fór lauslega yfir reglurnar þar sem að allir voru búnir að lesa yfir þær. Rætt um nokkrar reglur og þær skýrðar. Ákveðið að bæta við hjálmum í lista yfir búnað sem keppnishaldari á að útvega fyrir starfsmenn keppni. Annars engar athugasemdir við reglur. Ákveðið að AS sendi reglur inn til regluráðs AKÍS.
- Rætt um hugmyndir um hlutverk keppnisráðs á komandi keppnistímabili. Rætt um að keppendur eigi að nota tengilið keppenda til að taka upp mál sem þeir eru ekki sáttir við í keppnishaldi, hvort sem það lítur að dómum eða öðru. Það er þá hlutverk tengiliðs að ýmist koma upplýsingum til dómara, dómnefndar eða keppnisráðs. Gert er ráð fyrir að keppnisráð komi saman þremur dögum eftir hverja keppni og rýni keppni, fari yfir athugasemdir, hafi samband við dómara, keppendur ofl. Rætt um að efla keppnisráð mikið frá því sem hefur verið síðustu ár.
- Töluverð umræða spratt upp um útsendingamál frá keppnum og hvernig hefur verið staðið að þeim ásamt því hvernig það gæti litið út til framtíðar litið. Einnig rætt um hvort það væri hlutverk keppnisráðs að fjalla um málið, engu að síður hélt umræðan áfram. Rætt um að reyna að efla samstarf klúbba í útsendingamálum, að allir væru saman í þessu og tækju slaginn saman þá bæði hvað varðar kostnað, hagnað og tap ef af væri.
- Umræða um hvort eitthvað hefði merkilegt komið fram á formannafundi sem haldinn var á Akureyri á vegum AKÍS um liðna helgi. Sigurður sagði svosem ekki mikið að fréttu þaðan, menn væru almennt samstíga og engin stór vandamál á ferðinni.
- Umræða var tekin um traktororfæruna og var það álit manna í keppnisráði að þeir hefðu enga þekkingu á sportinu, þekktu ekki til reglna, öryggis eða annara þátta. Samþykkt var í keppnisráði að koma skilaboðum til AKÍS um að keppnisráð í torfæru ætli sér ekki að halda utan um traktororfæru þar sem að þekking manna væri engin á sportinu og þeir gætu ekki borið ábyrgð á heilli íþróttagrein án nokkurrar aðkomu.
- Rætt var um að fara þurfi yfir tæknireglur og ætlar Guðbjörn að fara yfir þær í komandi viku. AS er þegar búinn að senda Guðbirni punkta til að skoða í tæknireglum og var skorað á aðra fundarmenn að senda inn punkta til skoðunar. Stefnt er að heildarendurskoðun á tæknireglum fyrir tímabilið 2026.
- Rætt var um leiðir til þess að menn geti lagað veltibúr á keppni ef til kemur að það skemmist að einhverju litlu leyti. Álit fundarmanna að finna lausnir á þessu og leyfa mönnum að laga búr séu skemmdirnar ekki þeim mun stærri. Guðbjörn ætlar að finna til útfærslur á lagfæringum.
- Ákveðið að halda fund eftir vikutíma og fara yfir tæknireglubreytingar.

Fundi slitið kl 20:00